



Reykjavík 22. júní 2020

Efni: Aukið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2020 vegna COVID-19

COVID-19 faraldurinn hefur haft mikil áhrif á viðkvæma hópa í samféluginu, einkum fatlað fólk sem margt hefur þurft að þola skerta samveru og félagslega einangrun.

Einn af aðgerðapökkum stjórnvalda felur í sér stuðning við aukið félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk í summar til viðbótar því sem þegar var áætlað. Markmiðið er að draga úr félagslegri einangrun og styðja einstaklinga til þess að takast á við afleiðingar COVID-19. Samþykkt hefur verið að veita 50 milljónum króna til þessa verkefnis á landsvísu. Á þessum grundvelli gefst sveitarfélögum kostur á að sækja um fjárframlag vegna sérstakra verkefna í félagsstarfi fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2020. Þau viðmið sem notuð verða við úthlutun framlaga til sveitarfélaga byggja á mati Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga á fjölda fatlaðs fólks 18 ára og eldra í hverju sveitarfélagi.

Félags- og barnamálaráðherra hvetur sveitarfélög til þess að nýta sér þetta tækifæri og styðja enn betur við þennan viðkvæma hóp á þessum erfiðu tínum.

Þau sveitarfélög sem óska eftir fjárframlagi skulu senda inn umsókn fyrir 30. júní nk. kl. 12.00, í gegnum eyðublaðavef Stjórnarráðsins <https://minarsidur.stjr.is/web/index.html>.

Í umsókninni þarf m.a. að koma fram (sjá nánar í umsóknareyðublaði)

- Verkefnisáætlun
- Tímalína
- Fjárhagsáætlun
- Samstarfsaðilar

Uppfylli verkefnið markmiðið um félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2020 vegna COVID-19 fær sveitarfélag eingreiðslu í byrjun júlí næstkomandi.

Þau sveitarfélög sem fá fjárframlag til verkefnisins skulu skila stuttri skýrslu um árangur verkefnisins til félagsmálaráðuneytisins, fyrir 1. október 2020, á netfangið frn@frn.is undir heitinu **Skýrsla um félagsstarf fyrir fullorðið fatlað fólk sumarið 2020 vegna COVID-19 frá „nafn styrkþega“**.

Nánari upplýsingar veitir Þór G. Þórarinsson, sérfræðingur í félagsmálaráðuneytinu,
thor.thorarinsson@frn.is

Með kveðju,

Ásmundur Daðason

Ásmundur Einar Daðason
félags- og barnamálaráðherra